

**Nd.**

**458. Nefndarálit**

[160. mál]

um frv. til l. um umboðspóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta á fundum sínum, og hefur hún orðið sammála um að mæla með samþykkt þess, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Frv. var sent stjórnnum Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands til umsagnar, og eru umsagnirnar prentaðar með nefndarálit þessu sem fylgiskjöl.

Einn nefndarmanna (LJós) var fjarstaddur, er málið var afgreitt úr nefndinni.

Alþingi, 14. apríl 1969.

Matthías Á. Mathiesen,  
form., frsm.

Sigurður Ingimundarson,  
fundaskr.

Skúli Guðmundsson.

Gunnar Gíslason.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Guðlaugur Gíslason.

## Fylgiskjal I.

LANDSBANKI ÍSLANDS

Reykjavík, 11. apríl 1969.

Með bréfi, dags. 19. f. m., hefur fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis óskað um-sagnar stjórnar Landsbanka Íslands um frv. til laga um umboðspóknun og gengis-mun gjaldeyrisbankanna.

Frumvarp þetta gæti gefið tilefni til hugleiðinga um það, hvort rökrétt sé að skattleggja ríkisbanka í landi, þar sem lánsfjárskortur er eitt hinna erfiðari viðfangs-efna atvinnuveganna. Vill bankastjórnin beina því til hæstvirtrar ríkisstjórnar og Alþingis, hvort ekki væri rétt að endurskoða þá stefnu við fyrsta tækifæri. Á hinn bóginn telur bankastjórnin frv. það, sem hér liggur fyrir, ekki hafa í för með sér svo verulega breytingu á gildandi löggjöf, að ástæða sé til að leggja á móti samþykkt þess, og er þá jafnframt haft í huga, að í fjárlögum fyrir 1969, sem þegar hafa verið afgreidd, er gert ráð fyrir þessum tekjustofni fyrir ríkissjóð.

Virðingarfyllst,

LANDSBANKI ÍSLANDS

Pétur Benediktsson. Jón Axel Pétursson.

Til fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis,  
Alþingi.

## Fylgiskjal II.

ÚTVEGSBANKI ÍSLANDS

Reykjavík, 10. apríl 1969.

Með bréfi, dags. 19. f. m., hefur fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis óskað um-sagnar stjórnar Útvegsbanka Íslands um frumvarp til laga um umboðspóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna.

Bankastjórnin hefur frá upphafi verið eindregið mótfallin skattlagningu á gjald-eyrisbankana á þann hátt sem lög nr. 4 frá 1960, 12. gr., gera ráð fyrir, þar sem skatturinn er reiknaður af vergum tekjum af tilteknum tegundum gjaldeyrisviðskipta, án tillits til kostnaðar bankanna af þeim. Auk þess er vafasamt, hvort rökrétt sé að skattleggja ríkisbanka í landi, þar sem lánsfjárskortur er eitt hinna erfiðari viðfangs-efna viðskiptalífsins. Beinir bankastjórnin því þeirri ósk til hæstvirtrar ríkis-stjórnar og Alþingis, að sú stefna verði endurskoðuð við fyrsta tækifæri, skatttaka þessi afnumin og þá leitað að öðrum tekjulið fyrir ríkissjóð, áður en næstu fjárlög verða afgreidd.

Þar sem búið er að gera ráð fyrir þeim tekjustofni, sem frumvarp það, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir, í fjárlögum ársins 1969, án þess að leitað væri umsagnar gjaldeyrisbankanna um það atriði, áður en þau voru afgreidd, er afgreiðsla þessa frumvarps að álitum bankastjórnarinnar þar með ráðin. Hins vegar leggur banka-stjórnin megináherzlu á framangreinda ósk.

Virðingarfyllst,

Jóhannes Eliasson. F. R. Valdimarsson.  
Jónas G. Rafnar.

Til fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis,  
Alþingi.